

83. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 29. ágúst 2013 í húsnæði Héraðsskjalasafnsins að Digranesvegi 7.

Dagskrá.

1. Starfsemi safnsins.
2. Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða.
3. Gögn frá grunnskólum Kópavogs.
4. Önnur mál.

Fundur settur kl. 17:00. Mættir Eiríkur Ólafsson, Helgi Þór Jónasson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður. Gunnar Marel Hinriksson skjalavörður skrifaði fundargerð.

1. Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir starfseminni undanfarið. Afhendingar á árinu stefna í að verða flestar frá upphafi. Umhverfissvið Kópavogs setti upp fróðleiksskilti um Fífuhvamm fyrir skömmu en starfsmenn skjalasafnsins komu textagerð og myndavali fyrir það. Skýrt frá heimsókn brunaeftirlitsmanns og farið yfir athugasemdir. Rætt um starfsmannamál.

2. 23. og 24. september verður haldin ráðstefna Félags héraðsskjalavarða í stúkunni við Kópavogsvöllinn. Drög að dagskrá kynnt.

3. Rætt um viðtöku á útistandandi eldri skjölum grunnskóla. Ljóst er að um stórt verkefni er að ræða en nauðsynlegt þar sem skjöl eru sumsstaðar í kyndiklefum og koma þarf þeim í öruggar geymslur.

4. Önnur mál

- a) Rætt um skjalavistunaráætlun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00